



Borgarholtsskóli
bókmennt • handmennt • siðmennt

Skýrsla um innra mat í Borgarholtsskóla skólaárið 2017 – 2018



Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	2
INNGANGUR	3
MARKMIÐ SJÁLFSMATS BORGARHOLTSSKÓLA	3
ÞÁTTTAKENDUR Í INNRA MATI	4
VIÐHORFSKANNANIR YNGRI OG ELDRI NEMENDA.....	4
YNGRI NEMAR, OKTÓBER 2016	4
ELDRI NEMAR, OKTÓBER 2016.....	5
ÁFANGAKANNANIR	5
VIÐHORFSKÖNNUN MEÐAL STARFSMANNA.....	6
UMBÓTTAÆÐGERÐIR.....	7
1. UMSJÓNARKERFI SKÓLANS	8
2. LÝÐRÆÐI NEMENDA.....	8
3. HEILSUEFLING GEGN KVÍÐA, STREITU OG ÁLAGI.....	8
4. MÖTUNEYTI SKÓLANS	9
5. NÁMSPING BORGARHOLTSSKÓLA.....	9
6. EINELTI MEÐAL KENNARA.....	10

Inngangur

Markmið sjálfsmats Borgarholtsskóla

Sjálfsmati skólans er ætlað að ná til helstu þátta skólastarfsins; kennslu, stjórnunar og samskipta innan skólans, þ.m.t. stoðþjónustu. Sjálfsmatið er unnið í nánnum tengslum við skólanámskrá og stefnuskrá skólans. Niðurstöður matsins eru jafnharðan leiðbeinandi um umbætur í skólastarfinu og samskipti og samstarf starfsmanna skólans, nemenda og annarra sem skólastarfseminna varðar.

Verkátun 2016 - 2019

Áætlun um innra mat í Borgarholtsskóla er gerð í samræmi við fyrirmæli laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Hér segir um mat og eftirlit með gæðum:

“ **■ 40. gr. Markmið.**

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í framhaldsskólum er að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla,
- c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

■ 41. gr. Innra mat.

Hver framhaldsskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Framhaldsskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur. “

Þriggja ára verkátun fyrir árin 2016-19 var samþykkt á fundi gæðaráðs í september 2016, kynnt á kennarafundi og birt á vef skólans. Hún byggir að verulegu leyti á verkátun fyrir árin 2013-16.

Allar rafrænar kannanir hafa á undanförunum árum verið unnar í samstarfi við

Upplýsingatæknisetrið STEFNU ehf. á Akureyri og vistaðar á netþjóni fyrirtækisins. Samningi við STEFNU ehf var sagt upp í apríl 2017 en í staðinn var sett upp könnunarkerfið LimeServer á netþjóni Borgarholtsskóla sem er frjáls hugbúnaður sem nýtist fyrir allar kannanir skólans. Þetta könnunarkerfi reyndist hins vegar vera heldur óþjálmt í meðförum og samfara því að umsjón með netkerfi skólans var sett í hendur Opinna kerfa, hefur skoðanakannana hluti Innu verið notaður í staðinn. Það kerfi hefur reynt uppþylla þær kröfur sem við höfum gert til slíkra kerfa.

Verkefnastjóri gæðamála, Ari Halldórsson var í launalausum leyfi á vorönn 2018. Magnús V. Magnússon var fenginn til að leysa hann af og skrifaði hann þessa skýrslu og notaði eldri skýrslur sem fyrirmynd. Á nokkrum stöðum hefur texti úr eldri skýrslu fengið að halda sér, þann hluta skrifaði A.H.

Pátttakendur í innra mati

Yfirumsjón sjálfsmats Borgarholtsskóla er í höndum skólameistara, aðstoðarskólameistara og verkefnastjóra gæðamála. Þeir gera áætlanir um viðhald sjálfsmats skólans, samþykkja gögn og verkefni, bera ábyrgð á úrvinnslu og skýrslugerð. Þeir sjá sömuleiðis um að umbætur komi til framkvæmda. Kennslustjórar hafa haft umsjón með þáttum sem varða viðkomandi námsbrautir en með breyttu skipuriti frá og með hausti 2017 færist sú ábyrgð yfir á sviðsstjóra og deildarstjóra viðkomandi sviða.

Starfandi er gæðaráð sem er til halds og trausts varðandi framkvæmd einstakra þátta matsins, s.s. við úrvinnslu og efni í skýrslu og gerir það tillögur að umbótaáætlunum. Í gæðaráði sitja nú: skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, verkefnastjóri gæðamála og safnstjóri. Gæðaráð hefur jafnframt yfirumsjón með gæðahandbók sem er í smíðum.

Viðhorfskannanir yngri og eldri nemenda

Á haustönn 2017 voru gerðar kannanir á viðhorfi til skólastarfsins og veru í skólanum meðal eldri og yngri dagskólanemenda. Yngri nemendur eru fyrsta árs nemendur hverju sinni og eldri nemendur aðrir nemendur skólans. Tímasetning kannananna var etv. Ekki nógu heppileg, en skólinn hafði fengið beiðni um að leggja fyrir stóra skoðanakönnun á vegum Rannsóknar og greiningar og vorum við svolítið bundin af dagsetningu þeirrar könnunar, en hana átti að leggja fram í síðari hluta október mánaðar. Við vildum að all langur tími liði milli þessara kannana og því varð niðurstaða gæðaráðsins að leggja viðhorfskönnun nemenda fyrir í lok september, en þá höfðu nemendur verið rétt rúman mánuð í skólanum. Hægt er að nálgast niðurstöður á vef skólans.

Yngri nemar, október 2017

Viðhorfskönnun um ýmsa þætti skólastarfsins var lögð fyrir 241 nýnema en 177 nemendur svöruðu könnuninni eða 73 %. Hvorki var spurt um kyn né námsbrautir nemenda

Nokkur frávík eru frá niðurstöðum sömu könnunar frá árinu áður (2017). Það sem eftirtektarvert er að öll frávikin eru í jákvæða átt nema á einu sviði, en það er þegar spurt er um námsþingið, Múðluna. Ef miðað er við um það bil 10% frávík eða meira, þá varðar mismunurinn einkum eftirfarandi spurningar:

1. "Andrúmsloftið í skólanum einkennist af jákvæðni og gagnkvæmri virðingu" en 16 % fleiri voru sammála þessu ef miðað er við niðurstöður árið áður.
2. "Kennsluhættir í skólanum eru fjölbreyttir". Hér voru einnig 16 % fleiri sammála miðað við árið 2017. Þess ber að geta að í fullyrðingunni í fyrra var einnig getið um námsmat.
3. "Námsálag á nemendur í skólanum er hóflegt". Þessari fullyrðingu eru 11 % fleiri nemendur sammála miðað við haustið 2017.
4. "Skólinn býr mig undir þátttöku í fjölbreyttu samfélagi". 15 % fleiri nemendur eru sammála þessari fullyrðingu haustið 2018 borið saman við haustönn 2017.
5. "Ég fer reglulega inn á Innu til að fylgjast með viðveru minni, námsframvindu og skilaboðum" Hér er mjög mikill munur á milli ára því nú gefa 85 % nemenda til kynna að vera virkir notendur Innu. Haustið 2017 sögðust aðeins 37 % nemenda fara reglulega inn á Innu í ofangreindum tilgangi.
6. "Ég finn fyrir kvíða". 12% færri nemendur sögðust finna fyrir kvíða í upphafi skólaársins miðað við árið 2017. Það er ánægjulegt að sjá að færri nemendur telja sig finna fyrir kvíða.

Við viljum vona að aukin fræðsla um kvíða og námskeið sem náms- og starfsráðgjafar hafa boðið upp á skili sér á þennan hátt.

7. “Ég fæ tækifæri til að tjá viðhorf mín og taka þátt í lýðræðislegu samstarfi innan skólans.” Tæplega 14 % fleiri voru sammála þessari fullyrðingu haustið 2017 en árið áður. Hér erum við vonandi að sjá frekari árangur af hinum svokölluðu Lýðræðisfundum, en nemendum er boðið að taka þátt í eins konar „þjóðfundi“ þar sem málefni og hagsmunir nemenda eru í brennidepli.
8. Nú var í fyrsta settar fram fullyrðingar þar sem við reynum að fá samanburð á notkun kennsluhluta Innu og „námsþingsins“ Múðlu. Settar voru fram þessar yrðingar: „Mér finnst nauðsynlegt að upplýsingar um námið í hverjum áfanga fyrir sig séu aðgengilegir í Múðlu“ og sama yrðing fyrir Innu. 39 % nemenda eru sammála yrðingunni varðandi Múðlu en 84% vilja sjá upplýsingarnar í Innu. Og þegar nemendur svara yrðingunni: Mér gengur vel að nýta mér Innu / Múðlu en munurinn 47 %, Innu í vil.

Eldri nemar, október 2017

Spurningalistinn var lagður fyrir 796 eldri nemendur. Alls svöruðu 384 nemendur viðhörfkönnuninni (48.25%) haustið 2018 miðað við 212 nemendur árið áður. Eftirtektarvert er að líta til þess að nú eru 55 % fleiri nemendur sem taka þátt, en árið á undan. Líkleg skýring á því er breytt aðferð við framlagningu könnunarinnar. Hvorki var spurt um kyn né námsbrautir nemenda að þessu sinni.

Frávik frá könnun undangengins árs vörðuðu einkum eftirfarandi spurningar:

1. „Ég finn fyrir kvíða í skólanum“. Hér er mjög jákvæð breyting frá fyrra ári þegar tæpur helmingur nemenda sagðist finna fyrir kvíða en nú eru um þriðjungur nemenda sem segist finna fyrir kvíða, 15 % færri.
2. „Mér finnst góður vinnuandi/vinnufriður í kennslustundum“. Eftir niðursveiflu haustið 2017 eru nú 11 % fleiri nemendur þessari fullyrðingu sammála. Erum við nú nálgast sömu stöðu og var árið 2016 en þá voru 2/3 hluti nemenda skólans þessu sammála.
3. „Ég nýti mér stuðningsþjónustu skólans þegar ég þarf á því að halda (náms- og starfsráðgjöf, aukatíma og þjónustu félags- og forvarnafulltrúa)“. Haustið 2017 voru 39 % nemenda sem voru þessu sammála en nú eru þeir 28 %.
4. „Ég er ánægð / ánægður með mötuneyti skólans.“ Enn fer ánægja með mötuneytið minnkandi. Haustið 2018 eru aðeins fjórðungur nemenda, eða 24 % sem eru sammála þessari fullyrðingu en voru árið áður 36 %. Þrátt fyrir ýmsar umbætur sem gerðar hafa verið í mötuneytinu virðast þær ekki skila sér til nemenda í aukinni ánægju.
5. Nú var í fyrsta settar fram fullyrðingar þar sem við reynum að fá samanburð á notkun kennsluhluta Innu og „námsþingsins“ Múðlu. Settar voru fram þessar yrðingar: „Mér finnst nauðsynlegt að upplýsingar um námið í hverjum áfanga fyrir sig séu aðgengilegir í Múðlu“ og sama yrðing fyrir Innu. 38 % nemenda eru sammála yrðingunni varðandi Múðlu en 84% vilja sjá upplýsingarnar í Innu. Og þegar nemendur svara yrðingunni: Mér gengur vel að nýta mér Innu / Múðlu en munurinn 43 %, Innu í vil

Áfangakannanir

Á þriggja ára tímabili er lagt mat á flesta áfanga og eru kennarar metnir af nemendum þeirra. Í desember 2017 var lagt mat á 31 áfanga hjá 14 kennurum og í maí 2018 var lagt mat á 32 áfanga hjá

14 kennurum. Skólastjórnendur tóku viðtöl við viðkomandi kennara er niðurstöður lágu fyrir. Á vorönn 2018 voru spurningar í áfangakönnuninni teknar til endurskoðunar. 3 kennarar, 2 úr bóknámi og 1 úr listnámi voru fengnir til að rýna í könnunina með það að markmiði að stytta hana og gera hana markvissari án þess að það kæmi niður á markmiðum hennar. Of snemmt er að segja til um hvernig til hefur tekist, það þarf að leggja hana fyrir í 2 – 4 skipti til að sjá marktækar breytingar. Niðurstöður áfangakannana eru trúnaðarmál kennara og stjórnenda en ef um vandamál er að ræða sem grípa þarf inn í kemur til kasta skólameistara að leita leiða til úrlausna með viðkomandi kennara.

Viðhorfskannanir meðal starfsmanna

Viðhorfskönnun meðal starfsmanna átti skv. áætlun að leggja fyrir á haustdögum 2018. Á vordögum 2018 hvöttu stjórnendur mjög til þess að starfsfólk skólans tæki þátt í stórrí könnun sem Gallup sér um og tekur til starfsemi opinberra stofnana. Hingað til hefur þátttaka skólans verið afar dræm og nokkuð frá því að vera marktæk. Könnun þessi fór fram í febrúar og mars 2018, úrtakið var rúmlega 19 þús manns hjá rúmlega 200 stofnunum. Svarhlutfall í heildina var 54,1 %. Þáttur Borgarholtsskóla var þessi: 140 fengu sendar spurningar, 84 svöruðu eða 60 %.

Á haustönn 2017 var tilkynnt um að ytri úttekt á starfsemi skólans ætti að fara fram þá um haustið, en skólayfirvöld fengu þeirri úttekt frestað fram yfir áramótin og fór hún fram í mars 2018. Var því ákveðið að niðurstöður þessara tveggja kannana meðal starfsfólks yrðu notaðar sem efni í næstu umbótaáætlun og viðhorfskönnun haustið 2018 sleppt.

Verður hér gerð grein fyrir nokkrum helstu niðurstöðum þessara kannana:

Gallup könnunin – Stofnun ársins. Eins og að ofan er sagt, hvöttu stjórnendur starfsfólk til að taka þátt í þessari könnun, en hingað til hefur þáttur skólans í verið frekar rýr. Nú var svarhlutfall um 60%

Breyting milli mælinga.

Eftirtaldir þættir skila **marktækum jákvæðum mun á milli ára:**

- *Á mínum vinnustað er bæði konur og karlar í ábyrgðastöðum*
- *Á mínum vinnustað starfar fjölbreyttur hópur einstaklinga (aldur, kyn, uppruni o.fl)*
- *Ánægja með loftgæði*
- *Á mínum vinnustað er starfsfólki hrósað þegar það stendur sig vel*
- *Á heildina litið líður mér vel í starfi mínu*
- *Á mínum vinnustað finnst mér karlar og konur fá sömu tækifæri til starfsframa*
- *Næsti yfirmaður minn sér um að ég hafi möguleika til að þroska hæfileika mína*
- *Á heildina litið er ég ánægð(ur) í starfi mínu*

Eftirtaldir þættir skila **marktækum neikvæðum mun á milli ára:**

- *Ánægja með tölvu og tækjabúnað*
- *Þegar á heildina er litið hef ég mikil áhrif á hvernig starf mitt er unnið*
- *Ánægja með vinnuástandi, þ.e. vinnu og skrifstofurými*

Samanburður við sambærilegar stofnanir:

Borgarholtsskóli er í 94. sæti af 145 stofnunum á lista.

Í þáttunum stjórnun, starfsandi og ánægja og stolt, eru a.m.k. 50% stofnana með hærri einkunn en Bhs og 25% með lægri.

Í þáttunum vinnuskilyrði og sveigjanleiki vinnu lendir Bhs enn neðar, en þar eru a.m.k. 75% stofnana með hærri einkunn.

Í þáttunum sjálfræði í starfi, jafnrétti, ímynd stofnunar og launakjör stendur skólinn betur að vígi, þar eru 25% stofnana með hærri einkunn en 50% með lægri einkunn.

Skólinn kemst hvergi í efsta þrepið, en það er skilgreint þannig að 75% stofnana eru með lægri einkunn.

Ytri úttekt.

Helstu niðurstöður ytri úttektar voru þessar:

- *Sjálfsmat er reglubundið og skýrslur og áætlanir eru á heimasíðu skólans*
 - *Umbótaáætlanir settar fram í kjölfar innra mats*
 - *Áfangakannarir eru reglubundnar – áætlanir fram í tímann liggja fyrir*
 - *Samstarf innan yfirstjórnar er gott*
 - *Fjölbreytt námsframboð – námsleiðir vel skilgreindar á heimasíðu*
 - *Réttindakennarar í flestum greinum – lítil starfsmannavelta*
 - *Fjölbreyttir kennsluhættir – andrúmsloftir þægilegt og vinnufriður yfirleitt góður*
 - *Vel staðið að sérnámsbraut*
 - *Dreifnámi vel sinnt*
 - *Ánægja með kennsluhúsnæði og annað vinnuumhverfi*
 - *Kennarar hvattir til endur- og símenntunar*
 - *Skólinn tekur við nemendum sem finna sig ekki í öðrum skólum og nær að veita nokkrum hluta þeirra menntun til lokaprófs.*
-
- ✓ *Blendin afstaða starfsmanna til yfirstjórnar, stefnu skólans, framtíðarsýnar og aðferða við ákvarðanatöku*
 - ✓ *Starfslýsingar eru ekki aðgengilegar á heimasíðu – skortir á upplýsingar um verkaskiptingu milli stjórnenda og annara sem skilgreindir eru í skipuriti*
 - ✓ *Skólaráð er jaðarsett í skipuriti skólans*
 - ✓ *Samþykkt námsmatsstefna er ekki til staðar – nota skal leiðsagnarmat/símat en engar miðlægar leiðbeiningar er að finna um framkvæmd þess*
 - ✓ *Kvíði er algengur meðal nemenda (eins og víðar í frh.skólum) – einelti fyrirfinnst í nemendahópnum – vinna frekar regla en undantekning meðal nemenda*
 - ✓ *Nemendafélagi gengur frekar illa að halda úti félagsstarfi (þrátt fyrir góðan stuðning) – skortur á góðri félagsaðstöðu – nemendahópurinn birtist ekki sem ein heild*
 - ✓ *Vantar upplýsingar um hvernig námið í skólanum nýtist nemendum að lokinni útskrift.*

Umbótaáætlun

Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2017-18 tók til eftirfarandi þátta:

1. Umsjónarkerfi skólans
2. Lýðræði nemenda

3. Heilsuefling gegn kvíða streitu og álagi
4. Mötuneyti skólans
5. Námsþing Borgarholtsskóla
6. Einelti meðal kennara

Þar sem stjórnendum fannst ekki hafa náðst nægilegur árangur í þeim þáttum sem tilgreindir voru í umbótaáætluninni 2016-17 var ákveðið að framlengja hana út skólaárið 2017-18. Liðurinn um heilsueflingu var þó tekinn út og 6.liður heitir í framlengdu áætluninni “Einelti meðal starfsfólks”

1. Umsjónarkerfi skólans

Á síðasta skólaári unnu stjórnendur að því að leita lausna varðandi umsjónarkerfi skólans í samráði við kennara en ráðgjöf og stuðningur við eldri nemendur hafði dregist saman á undanförunum árum sem endurspegladist könnunum meðal nemenda. Niðurstaða var sú að frá og með hausti 2017 var tekið upp nýtt umsjónarkerfi sem felur í sér svokallaða „sérstaka umsjón“ með annars árs nemendum sem skilgreind hefur verið og kennarar fá greitt fyrir. Staða mætingarstjóra var lagt niður en í staðinn sett á laggirnar starf “fóstru mætinga og umsjónar.” Var Hrönn Hilmarsdóttir fyrrum áfangastjóri fengin til þessa verkefnis. Í niðurlagi skýrslu sem rituð var í febrúar 2018 segir:

“Þessi sérstaka umsjón er í mótun en það hefur strax sýnt sig að hún er til bóta. Þeir kennarar sem sinna þessari umsjón eru sammála um gildi hennar og niðurstöður könnunar sem lögð var fyrir nemendur í sérstakri umsjón í lok janúar sínir slíkt hið sama. Í könnuninni kom m.a. fram að 64% svarenda finnst gott að geta leitað til umsjónarkennara og 20% höfðu sjálfir samband við umsjónarkennarann sinn a.m.k. einu sinni á haustönninni utan þeirra skipta sem umsjónarkennarinn hafði samband við þá”.

2. Lýðræði nemenda

Könnun meðal nemenda haustið 2015 leiddi í ljós að þeir töldu sig ekki geta haft mikil áhrif á nám sitt og málefni skólans og því þótti nauðsynlegt að bæta menningu Borgarholtsskóla að þessu leyti. Efnt var til lýðræðisfundar með nemendum þann 27. október 2016 þar sem ríflega eitt hundrað tillögur að umbótum komu fram. Nemendur kusu um tillögurnar.

Í viðhorfskönnun nemenda í október 2016 voru 11,33% fleiri sammála því að þeir fengju tækifæri til að tjá viðhorf sín og taka þátt í lýðræðislegu samstarfi innan skólans.

3. Heilsuefling gegn kvíða, streitu og álagi

Fram kom í viðhorfskönnun nemenda að ríflega þriðjungur þeirra finnur fyrir kvíða, hefur áhyggjur af fjármálum sínum og/eða finnst að vinna með námi bitni á skólanum.

Stefnt var að því að efla andlegt heilbrigði, varnir gegn streitu og álagi og draga úr óhóflegri vinnu með námi m.a. með fræðslu um streitu, álag, forgangsröðun verkefna og hollan lífsstíl. Margvíslegt starf var unnið í þessu skyni. Meðal annars héldu námsráðgjafar námskeið fyrir nemendur sem glíma við þunglyndi og/eða kvíða og námsráðgjafar héldu og fræðslufyrirlestur fyrir foreldra, lögðu fyrir nýnema skimunarpróf varðandi brotthvarfsáhættu og boðuðu þá nemendur sem voru í hættu í viðtal.

Í könnun meðal nemenda á vorönn kom þó ekki fram sýnilegur árangur í svörum við spurningum sem vörðuðu kvíða, streitu og álag. Unnið er stöðugt og á mörgum vígstöðvum að þessum málum og hafa komið efasemdir um gildi svo víðtæks markmiðs í umbótaáætlun skólans.

4. Mötuneyti skólans

Undanfarin ár hefur komið í ljós í viðhorfskönnunum meðal nemenda að mötuneytið hefur átt undir högg að sækja. Allt of margir nemendur töldu sig ekki fá nægilega hollan mat, þjónustan væri ekki nógu góð að verðlag væri of hátt.

Stjórnendur hafa marg oft rætt við rekstraraðila og reynt að knýja á um umbætur.

Í marsmánuði 2018 var tóku bæði nemendur og starfsfólk þátt í þjónustukönnun og var tilgangur könnunarinnar að athuga hvort einhverjar markverðar breytingar hefðu átt sér stað. Helstu niðurstöður þessara kannana voru þessar.

Nemendur:

367 nemendur tóku þátt í könnuninni. 58% aðspurðra sögðust ekki borða í mötuneytinu en 19% sögðust gera það 3 – 5 sinnum í viku. 29% svarenda sögðust koma með nesti að heiman 3-5 daga vikunnar en um helmingur nemenda sagðist kaupa sér mat í verslun eða á veitingastað í nágrenni skólans. Það sem nemendum líkar best við í tengslum við mötuneyti skólans er fjölbreytni í vöruúrvali (24%) og þjónusta starfsfólksins (16%). Sífelld færri setja gæði og hollustu í efstu sætin.

Starfsmenn:

Könnunin sem lögð var fyrir starfsmenn var svolítið frábrugðin nemendakönnuninni. 61 starfsmaður tók þátt. Starfsfólk var beðið að gefa nokkrum þáttum einkunn á skalanum 1 – 5, auk nokkurra fjölvalsspurninga.

Starfsfólkið verslar meira í mötuneytinu, eins og reyndar má gera ráð fyrir. 57% þeirra borða þar 3 – 5 daga vikunnar og rúm 20% koma með nesti að heiman 3 – 5 daga vikunnar. 80% starfmanna kaupa aldrei mat í verslun eða veitingastað í nágrenni skólans.

Starfsfólkið gefur þjónustunni að meðaltali 4 í einkunn að 5 mögulegum, gæði matarins fær meðaleinkunnina 2.75, hollusta fær meðaleinkunnina 2.6 og fjölbreytni meðaleinkunnina 2.7 af 5 mögulegum.

Aðeins um 58% nemenda töldu matinn í mötuneyti skólans góðan. Margar skriflegar athugasemdir hafa komið fram í viðhorfskönnunum nemenda um hollustu, fjölbreytni og einkum of hátt verð í mötuneytinu sem gerir það að verkum að nemendur leita annað.

Af þessum sökum var stefnt að því bæta fjölbreytni, hollustu, gæði og verð í mötuneyti skólans og gera úttekt á þessum þáttum. Stjórnendur ræddu við þjónustuaðila sem brugðust við þeim athugasemdum sem gerðar voru.

Viðhorfskönnun nemenda sl. haust leiddi í ljós litlar breytingar á viðhorfi til mötuneytisins. Aðeins 40% nemenda telja sig hafa aðgang að hollri, góðri og fjölbreyttri næringu í skólanum.

5. Námsþing Borgarholtsskóla

Aðeins 61% nemenda töldu að sér gengi vel að nýta sér námsþing skólans (Moodle) í könnun árið 2014. Markmiðið var auka fjölda þeirra nemenda sem nýta námsþingið sér til gagns með því að kanna hvað veldur þessari svörun og grípa til aðgerða í kjölfarið. Þær breytingar urðu á skólaárinu að

námsumsjónarhluti Innu var tekninn í notkun samhliða Moodle og boðið upp á að velja á milli tveggja kerfa. Samhliða var dregið úr umsjón og aðstoð við námsumsjónarkerfin.

Um miðjan september 2017 hætti annar netsjóri skólans störfum og urðu í kjölfarið miklar skipulagsbreytingar varðandi netumsjón og tölvurekstur í skólanum. Þjónusta varðandi allt er viðkemur tölvum, prenturum og netrekstri var boðin út og í kjölfarið gerður samningur við Opin kerfi. Um áramótin hætti svo hinn netstjóri skólans störfum en hann hafði að mestu séð um rekstur og umsjón námsþingsins (Moodle) innan skólans, en námsþingið var hýst á þjóni innan skólans. Verkefnastjóri námsþingsins er áfram starfandi og eftir skólalok í maí 2018 var hýsing námsþingsins flutt til Noregs.

Ekki varð úr að gerð væri sérstök athugun á notkun námsþingsins (Moodle) meðal kennara og nemenda eða að unnin væri greinargerð um styrkleika námsumsjónarkerfanna og möguleika til samþættingar þeirra eins og til stóð.

Fjöldi þeirra nemenda sem segist nýta námsþingið (Moodle) til gagns hefur aukist lítillega frá árinu 2014 eða um 5%.

6. Einelti meðal starfsfólks

Í starfsmannakönnun sem gerð var vor 2016 kom í ljós að 17% þeirra sem svöruðu töldu sig hafa orðið fyrir einelti (11% sögðust sammála og 6% nokkuð sammála). Markmiðið var að draga úr og uppræta einelti m.a. með fræðslu og því að fylgja nýlegri reglugerð Velferðarráðuneytis varðandi aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

Á haustönn 2016 var fenginn sérfræðingur til að halda fyrirlestur um einelti á vinnustöðum. Í viðhorfskönnun starfsmanna í apríl 2017 fækkar (um 5%) þeim sem telja sig hafa orðið fyrir einelti af hálfu annarra starfsmanna. Engu að síður er hér um 10 einstaklinga að ræða.

Í skoðanakönnun Gallups, Stofnun ársins er spurt hvort svarendur hafi orðið fyrir einelti á vinnustaðnum á síðastliðnum 12 mánuðum. Spurningunni fylgir útskýring á orðinu einelti og það skilgreint sem „*síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir verður, sem sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda hjá honum ótta*“. 3.9% fullyrða að svo hafi verið en 7.9 % eru frekar óvissir og svara: Já, líklega. Á þessu má sjá að frá árinu 2016 hefur dregið verulega úr þessum samskiptavanda, þegar 11 % voru fullyrðingunni sammála en nú tæp 4 %. Betur má ef duga skal.